

# **Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi**

**16 521**

**Ársreikningur 2022**

## **Efnisyfirlit**

**Bls.**

Skýrsla og áritun forstöðumanns .....	<b>2</b>
Yfirlit um afkomu ársins .....	<b>3</b>
Efnahagsreikningur .....	<b>4</b>
Sjóðstremisýfirlit .....	<b>5</b>
Skýringar .....	<b>6</b>

**Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi**

**Fjárlagaliðurinn er í umsjón**

**Menningar- og viðskiptaráðuneytið**

**kt. 710122-1990**

**Sölvhólgata 7, 101 Reykjavík**

## Skýrsla og áritun forstöðumanns

Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi er ríkisaðili í A-hluta ríkissjóðs sem starfar á grundvelli laga um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi, nr. 43/1999.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 07 og málaflokk 02 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2022 var ársveltan kr. 3.203,2 milljónir og afkoma kr. -180,8 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 5,1 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 7,5 milljónir.

Starfsemi stofnunarinnar á árinu 2022 byggir á heimildum í fjárlögum og fjáráukalögum fyrir árið 2022.

Það er álit mitt að ársreikningur 2022 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Endurgreiðslna vegna kvikmyndagerðar á Íslandi í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Endurgreiðslna vegna kvikmyndagerðar á Íslandi fyrir árið 2022 með rafrænni undirritun sinni.

Ingvi Már Pálsson,  
Skrifstofustjóri

(undirritað rafrænt)

## Yfirlit um afkomu ársins 2022

	Skýr	2022	2021
<b>Tekjur</b>			
Tekjufærsla fjárveitinga .....	2	3.203.200.000	2.442.200.000
<b>Tekjur samtals</b>		<u>3.203.200.000</u>	<u>2.442.200.000</u>
<b>Gjöld</b>			
Framlög og tilfærslur .....	3	3.381.973.104	2.247.738.381
Annar rekstrarkostnaður .....	4	2.047.284	8.397.474
<b>Gjöld samtals</b>		<u>3.384.020.388</u>	<u>2.256.135.855</u>
<b>Afkoma fyrir fjármagnsliði</b>		(180.820.388)	186.064.145
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap .....		0	(12.369)
		0	(12.369)
<b>Afkoma ársins</b>		<u>(180.820.388)</u>	<u>186.051.776</u>
<b>Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum</b>			
Rekstur .....	2	(2.047.284)	90.157
Rekstrartilfærslur .....		(178.773.104)	185.961.619
		<u>(180.820.388)</u>	<u>186.051.776</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

## Efnahagsreikningur 31. desember 2022

	Skýr	31.12.2022	31.12.2021
<b>Eignir</b>			
<b>Veltufjármunir</b>			
Tengdir aðilar .....	5	7.500.000	1.495.091.787
<b>Veltufjármunir samtals</b>		<u>7.500.000</u>	<u>1.495.091.787</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>7.500.000</u>	<u>1.495.091.787</u>
 <b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>			
Hrein eign .....	6	5.141.231	186.051.776
<b>Eigið fé samtals</b>		<u>5.141.231</u>	<u>186.051.776</u>
 <b>Skuldir</b>			
Tengdir aðilar .....	5	2.358.769	0
Ýmsar skammtímaskuldir .....		0	1.309.040.011
<b>Skuldir samtals</b>		<u>2.358.769</u>	<u>1.309.040.011</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>7.500.000</u>	<u>1.495.091.787</u>
 <b>Aðrar upplýsingar</b>			
	7		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

## Sjóðstreymisyfirlit ársins 2022

	Skýr	2022	2021
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins .....		(180.820.388)	186.051.776
		<u>(180.820.388)</u>	<u>186.051.776</u>
Lækkun (hækkun) rekstartengdra eigna:			
Tengdir aðilar .....		1.489.860.399	(1.412.233.715)
Hækkun (lækkun) rekstartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir .....		(1.309.040.011)	1.226.181.939
		<u>180.820.388</u>	<u>(186.051.776)</u>
	<b>Handbært fé frá rekstri</b>	<u>0</u>	<u>0</u>
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>			
Handbært fé í byrjun árs .....		0	0
		<u>0</u>	<u>0</u>
	<b>Handbært fé í árslok</b>	<u>0</u>	<u>0</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru skv. kostnaðarverðsreglu og eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

### Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggir atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

### Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

### Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

### Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: úppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

### Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

### Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

## Skýringar

2022 2021

### 2 Tekjufærsla fjárveitinga

Fjárveiting ársins ..... 3.203.200.000 2.442.200.000

#### Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum .....	0	1.453.200.000	0	1.453.200.000
Fjárakalög .....	0	1.750.000.000	0	1.750.000.000
<b>Fjárveiting til tekna .....</b>	<b>0</b>	<b>3.203.200.000</b>	<b>0</b>	<b>3.203.200.000</b>
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum ..	(2.047.284)	(3.381.973.104)	0	(3.384.020.388)
<b>Staða fjárveitinga ársins í lok árs .....</b>	<b>(2.047.284)</b>	<b>(178.773.104)</b>	<b>0</b>	<b>(180.820.388)</b>

### 3 Framlög og tilfærslur

Rekstrartilfærslur til ríkisaðila í A-hluta .....	30.000.000	19.500.000
Rekstrartilfærslur aðrir .....	3.351.973.104	2.228.238.381
	<u>3.381.973.104</u>	<u>2.247.738.381</u>

### 4 Annar rekstrarkostnaður

Sérfræðipjónusta .....	2.047.284	8.397.474
Annar rekstrarkostnaður samtals .....	<u>2.047.284</u>	<u>8.397.474</u>

31.12.2022 31.12.2021

### 5 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

#### Kröfur á tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð .....	0	1.495.091.787
Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs .....	7.500.000	0
	<u>7.500.000</u>	<u>1.495.091.787</u>

#### Skuldir við tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð .....	2.358.769	0
	<u>2.358.769</u>	<u>0</u>

### 6 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

#### Hrein eign

Jöfnuður 1.1. ....	186.051.776	378.925.975
Breytingar á árslokastöðu fyrra árs samkvæmt ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins .....	(90.157)	(378.925.975)
Afcoma ársins .....	(180.820.388)	186.051.776
Jöfnuður 31.12. ....	<u>5.141.231</u>	<u>186.051.776</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.



# Skýringar

## 7 Aðrar upplýsingar

### *Skuldbindandi samningar*

Gerðir hafa verið tveir skuldbindandi samningar hjá fjárlagaliðnum annars vegar um þjónustu Kvikmyndamiðstöðar Íslands vegna endurgreiðslukerfis kvikmynda á grundvelli laga nr. 43/1999 og hins vegar um Film in Iceland (kynningu á endurgreiðslukerfis kvikmynda á grundvelli laga nr. 43/1999). Áætluð heildargreiðsla á árinu 2022 er 45 millj.kr.

### *Veðsetningar*

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2022.

### *Veittar ábyrgðir*

Fjárlagaliðurinn hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

### *Óafturkallanleg loforð*

Fjárlagaliðurinn hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hans.

### *Atburðir eftir reikningsskiladag*

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.